

Ferðatrygging samanstendur af þremur sjálfstæðum váttryggingum. Ferðaslysatrygging, ferðasjúkra- og ferðarofstrygging og farangurstrygging. Ferðaslysatrygging bætir slysatjón á ferðalagi. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging bætir kostnað vegna slyss, sjúkdóms eða fráfalls váttryggðs á ferðalagi. Einnig bætir tryggingin nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína. Farangurstrygging bætir tjón sem verður á farangri ef um er að ræða þjófnað, skemmdarverk eða flutnings Slyss. Í váttryggingarskírteini eru taldar upp þær váttryggingar sem hafa verið valdar. Kaflaskiptingin er eftirfarandi:

[1. kafli: Ferðaslysatrygging, bls. 1.](#)

[2. kafli: Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging, bls. 3.](#)

[3. kafli: Farangurstrygging, bls. 4.](#)

[4. kafli: Almenn ákvæði, bls. 5.](#)

**Váttryggingin gildir** á því ferðalagi erlendis sem tilgreint er á váttryggingarskírteini. Váttrygging samkvæmt eftirfarandi skilmálum gildir í frítíma og í starfi ef það tengist viðskiptum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.

## 1. KAFLI FERÐASLYSATRYGGING

### 1.gr. Váttryggingarsvið

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir eftir þeim reglum sem tilgreindar eru nánar í skilmálum þessum. Með orðinu "slys" er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

### 2.gr. Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki:

- Slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, listflugi, teygjustökki, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi nema váttryggður sé farþegi í áætluðum- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi flugmálayfirvalda.
- Slys sem verða við þátttöku í landkönnunarferðum, villidýraveiðum eða í ferðum sem talist geta rannsóknarleiðangrar.

Sumt af því sem hér er undanskilið er þó unnt að innifela í váttryggingunni gegn sérstöku viðbótargjaldi.

### 3.gr. Takmarkanir á greiðsluskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

Dánarbætur greiðast ekki ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til. Váttryggingin nær þá ekki til slysa sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnadeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Hafi greindar ástæður verið þess meðvaldandi, að váttryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir, ef ástæður þessar hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjóskaos, þursabit (lubago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar.

### 4.gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint verður af völdum: Ljósbaða, lækningarmeðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanoðkunar nema það sé að lækni ráði vegna bótaskylds slyss, ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði, neyslu lyfja, matareitrunar eða drykkjareitrunar, eða vegna slysa af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar þ.m.t. sýkla eða veira.

### 5.gr. Aldurstakmörk

Váttryggingin gildir ekki fyrir þá sem náð hafa 70 ára aldri. Börn yngri en 15 ára eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nema venjulegum útfararkostnaði.

**6.gr. Dánarbætur**

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins ár frá slysdegi greiðist fjárhæð sú sem tilgreind er á váttryggingarskírteini að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

**7.gr. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns**

Valdi slys þeim sem váttryggður er varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eftir þeim reglum sem að neðan greinir. Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Lægri varanleg örorka en 10% bætist ekki.

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum:

- Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknis meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, sbr. b. og c. lið.
- Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

**8.gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku**

Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga á meðan starfsorkumissir varir. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn að loknum biðtíma þeim sem ákveðinn er á váttryggingarskírteininu og þar til váttryggður hefur endurheimt starfsorku sína. Stafi starfsorkumissir váttryggðs að einhverju öðru leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Bætur greiðast aldrei fyrir lengra tímabil en 52 vikur samtals frá upphafi starfsorkumissis að frádregnum biðtímanum. Bætur greiðast ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.

**9.gr. Bætur vegna tannbrots**

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys, þó ekki vinnuslys né er váttryggður matast. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkutryggingarfjárhæðinni.

**10.gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar**

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersýnilegt er að varanlegar afleiðingar eru engar. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

**11.gr. Ráðstafanir vegna slyss**

Váttryggðum ber að leita lækni strax eftir að slys hefur orðið, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni. Slys skal tilkynna þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt

er, en annars með öðrum hætti til bráðabirgða. Deyi váttryggður af slysförum skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að fara fram á krufningu hins látna. Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

**12.gr. Váttryggingarfjárhæðir**

Váttryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins. Upplýsingar um váttryggingarfjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini.

**13.gr. Vísitölubinding bótafjárhæða**

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs án húsnæðis, á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á eftir eins og hér segir: Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til dánardags. Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi.

**2. KAFLI FERÐASJÚKRA- OG FERÐAROFSTRYGGING****14.gr. Váttryggingarsvið**

Félagið greiðir kostnað á ferðalagi vegna slyss, sjúkdóms eða fráfalls váttryggðs.

**15.gr. Bætur greiðast fyrir eftirtalinn kostnað:**

- Sjúkrahúsvist ásamt læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Læknir skal taka ákvörðun um vistina og meðferðina og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- Læknishjálp og lyf að læknisráði.
- Kvalastillandi tannviðgerð í neyðartilviki, þó aldrei meira en 1% váttryggingarfjárhæðarinnar.
- Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir álitur að meðferð geti farið fram á hóteli, þó aldrei meira en 1% váttryggingarfjárhæðarinnar á dag.
- Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun váttryggðs sem raskast hefur sökum hótél- eða sjúkrahúsvistar að læknisráði ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji læknir þess þörf.
- Telji læknir sá sem annast hefur váttryggðan að heimferð með venjulegum farartækjum sé nauðsynleg og fullnægjandi nægir félaginu skrifleg staðfesting hans. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar svo sem aukasæti, dýrari farrými o.s.frv. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm er að ræða að læknirinn telur að flytja verði váttryggðan heim með öðrum hætti þarf skriflega skýrslu trúnaðarlæknis félagsins vegna flutningsins.
- Andist váttryggður erlendis greiðir félagið kostnað við flutning hans til Íslands svo og fargjald samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- Slasist váttryggður, veikist alvarlega eða andist á ferð sinni, greiðir félagið ferða- og dvalarkostnað náins ættingja sem kvaddur er til dvalarstaðar hans að fengnu samþykki trúnaðarlæknis félagsins. Hámark bóta félagsins er 20% váttryggingarfjárhæðarinnar.

**16.gr. Ferðarof**

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna: Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, systkina eða annarra náinna ættingja sinna eða verulegs eignartjóns á heimili hans eða einkafyrirtæki sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðarkostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var. Hámark bóta félagsins er 10% váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður eða náinn ættingi hans þjáðist af og var í meðferð vegna fyrir töku váttryggingarinnar.

**17.gr. Endurgreiðsla orlofsferðar**

Sé dvöl váttryggðs rofin samkvæmt fyrirmælum læknis um flutning heim á fyrri hluta dvalartímans eða legu á sjúkrahúsi a.m.k. helming dvalartímans greiðir félagið verð það sem váttryggður greiddi fyrir ferð sína fyrir

upphaf hennar. Skilyrði greiðslu er að einvörðungu hafi verið um orlofsferð að ræða. Hámark bóta félagsins er 10% váttryggingarfjárhæðarinnar.

**18.gr. Takmarkanir á bótaskyldu**

Félagið greiðir ekki kostnað vegna:

- Lyfja án læknisráðs.
- Fæðingu eða fósturláts, né sjúkdóms sem verður á 9. mánuði meðgöngutíma.
- Sjúkdóms eða slyss er á rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna.
- Sjúkdóms eða slyss sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við áður en váttrygging þessi tók gildi.
- Áframhaldandi meðferðar ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim að ráði læknis þess sem stundað hefur hann og/eða trúnaðarlæknis félagsins.
- Meðferðar erlendis lengur en í þrjá mánuði.
- Gervilima og gervitanna svo og gleraugna, augnlinsa, heyrnatækja o.s.frv.
- Slyss sem beint eða óbeint verður af völdum: Ljósbaða, lækningarmeðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema að það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss; ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði; neyslu lyfja; ávana- eða fíkniefna.
- Slyss eða sjúkdóms af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar þ.m.t. vegna sýkla og veira.

**19.gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu**

Félagið bætir ekki:

- Slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, listflugi, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi flugmálayfirvalda.
- Slys sem verða við þátttöku í landkönnunarferðum, villidýraveiðum eða í ferðum sem talist geta rannsóknarleiðangrar.
- Slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.

Sumt af því sem hér er undanskilið er þó unnt að innifela í váttryggingunni gegn sérstöku viðbótargjaldi.

**20.gr. Bótafrádráttur**

Félagið greiðir aðeins kostnað að því marki sem hann fæst ekki greiddur af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins.

**21.gr. Tvíttrygging**

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

**22.gr. Eigin áhætta**

Af hverju tjóni ber váttryggður í eigin áhættu tiltekna fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu.

**3. KAFLI FARANGURSTRYGGING****23.gr. Váttryggingarsvið**

Félagið greiðir bætur vegna tjóns sem verður á farangri sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi, eða sem fluttur er á annan hátt í beinu sambandi við ferðalag váttryggðs, enda hafi tjónið orðið af völdum bruna, þjófnaðar, skemmdarverks eða flutnings Slyss. Til farangurs teljast persónulegir lausafjarmunir.

**24.gr. Til farangurs teljast ekki:**

Vélnúin ökutæki, hjólhýsi, bátar, eða hlutir sem tilheyra tækjum þessum; vörur, sýnishorn, teikningar, handrit, frímerkja- og myntsófn eða verðbréf; búsmunir og þess háttar sem flutt er vegna aðseturskippta; peningar, greiðslukort, ávísanir, og farmiðar.

**25.gr. Takmarkanir á bótaskyldu****Félagið greiðir ekki:**

- Tjón sem verður er váttryggður gleymir hlut, týnir honum eða fer þannig með hann að við missi megi búast.
- Brotatjón á brothættum hlutum svo sem myndavélum, upptökutækjum, gleraugum, linsum, sjónaukum, útvarpstækjum, plötu- og geislaspilurum eða segulbandstækjum nema tjónið stafi af bruna eða þjófnaði eða því að flutningstæki hlekkist á.
- Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- Tjón sem stafar af sliti, rýrnun, meindýrum eða því að váttryggðir munir skemmast vegna framleiðslugalla.
- Tjón sem verður er skíði eða önnur ípróttaáhöld skemmast í notkun.
- Skemmdir á ferðatöskum.
- Tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila eða aðila sem tekið hafa sér opinbert vald.
- Tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum híbýlum eða ólæstum bifreiðum.

**26.gr. Hámark bóta vegna einstaks hlutar**

Bótaskylda félagsins vegna hvers einstaks hlutar takmarkast við þá fjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteininu, hafi verðmæti hlutarins ekki verið sérstaklega tilgreint á því.

**27.gr. Mat á tjóni**

Við mat á tjóni skal tekið tillit til verðrýrnunar hlutar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika,.

**28.gr. Váttryggingarfjárhæðin**

Það er skilyrði að allur farangur váttryggðs sé váttryggður nema um sé að ræða váttryggingu á einstökum hlutum enda komi það fram á váttryggingarskírteininu. Váttryggingarfjárhæðin skal vera sem næst sannvirði og skal váttryggingartaki gera eins nákvæma áætlun yfir verðmæti farangurs og unnt er. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verðmæti hins váttryggða er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir þeim mun sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verðmæti hins váttryggða.

**29.gr. Eigin áhætta váttryggðs**

Af hverju tjóni ber váttryggður 25% eigin áhættu en þó aldrei lægri fjárhæð en þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu.

**30.gr. Ráðstafanir vegna tjóns**

Verði tjón sem váttryggingin tekur til skal váttryggður gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sanna að tjónið hafi í raun orðið, þ.á.m. að tilkynna lögreglu um þjófnað. Tjón sem verður á gisti- og veitingahúsum eða í vörslu flutningsmanna, svo sem skipa- eða flugfélaga, skal váttryggður auk þess tilkynna fyrirsvarsmönnum þessara aðila og áskilja sér þannig rétt til skaðabóta úr hendi þeirra. Skemmist farangur eða týnist meðan hann er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax, eða innan 7 daga, til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Framvísa skal til félagsins afriti eyðublaðsins.

**4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI****31.gr. Gildistími**

Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Váttryggingin er skammtímatrygging og endurnýjast ekki nema um annað sé samið.

**32.gr. Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum**

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
  2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
  3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
  4. eftir að tjón hefur orðið, ef
    - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
    - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
    - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
5. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
  6. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

### 33.gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

#### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

#### Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 3. tl. 32. gr. skilmála þessara.

### 34.gr. Iðgjald

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi enda sé ekki um annan gjalddaga samið. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar úr gildi, sbr. 33. gr. eða 96. gr. laga nr. 30/2004.

### 35.gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í ferðaslysa- og ferðasjúkratryggingum er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að váttryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

### 36.gr. Tilkynning um tjón - Greiðsla bóta

Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má og framvísa nauðsynlegum gögnum, svo sem læknavottorði eða eftir atvikum lögregluskýrslu. Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir

hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.

**37.gr. Frestur til að tilkynna um tjón - Fyrning**

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

**38.gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði****Ásetningur**

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004.

**Stórkostlegt gáleysi**

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

**39.gr. Takmarkanir á greiðsluskyldu vegna stríðs o.fl.**

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint verður af völdum: Stríðs, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers konar tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar, geislavirkra efna, jarðskjálfta eða eldgoss svo og annarra náttúruhamfara.

**40.gr. Ákvæði í vátryggingarskírteini**

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

**41.gr. Ágreiningur**

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

**42.gr. Varnarþing**

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. ágúst 2015.**